



# FRÉTTATILKYNNING

Útgáfudagur: 25/10/10

## **Sex tilraunaverkefni STORK gangsett til að ná fram samvirkni í rafrænum kennum þvert yfir Evrópu**

**11 Evrópuþjóðir sem taka þátt í STORK ræsa tilraunaverkefni til að bjóða örugga auðkenningarþjónustu þvert yfir landamæri.**

Brussels í Belgíu, 25 október 2010 –

STORK, sem er verkefni styrkt af Upplýsingatækniáætlun Evrópusambandsins undir Samkeppnis- og nýsköpunaráætluninni (CIP) sem byggir upp kerfi innan Evrópusambandsins fyrir samvirkni rafrænna auðkenninga (eID), tilkynnir í dag að sex tilraunaverkefni; „Sannvottun þvert á landamæri fyrir rafræna þjónustu“, „Öruggara spjall“, „Stúdentaskipti“, „Rafræn afgreiðsla yfir landamæri“, „Breyting á heimilisfangi“ og „Aðgangspjónusta framkvæmdastjórnar“, eru nú tiltæk fyrir almennan aðgang. Þetta kerfi gerir borgurum kleift að nota landsbundin rafræn auðkenni í mörgum Evrópulöndum. Tilraunaverkefnin sex, sem hefur nú verið opinberlega ýtt úr vör og verður aukið við í áföngum, munu prófa og staðfesta samþættingu undirliggjandi samvirkni STORK við margvíslega starfandi gáttarþjónustu.

Annar tveggja formanna STORK, prófessor Antonio Liroy frá Politecnico de Torino á Ítalíu, útskýrir hver áhrif verka á meðan tilraunaverkefnin eru í gangi hafi á notkun almenna borgara á rafræn auðkenni til að fá aðgang að opinberri þjónustu: „Tilraunaverkefnin munu sýna borgurum og opinberri stjórnarsýslu fram á að hægt er að ná samvirkni í rafrænni auðkenningu í rafrænni þjónustu stjórnarsýslunnar. Þau munu draga fram þann virðisauka sem borgarar munu njóta þegar þeir geta staðfesta kennsl sín á rafrænan hátt í vernduðu, öruggu umhverfi sem tryggir jafnframt friðhelgi einkalífs.“ Hann bætir við: „Umgjörðin fyrir rafræn auðkenni mun spara almannafé, stytta tíma fyrir stjórnvöld og borgara, minnka hættu á misnotkun eða svikum og skapa fjölda tækifæra. Þetta er enn eitt skref í átt að evrópskum markaði án landamæra.“

Hinn formaðurinn, ráðgjafinn Arvid Welin frá Svíþjóð, bætir við: „STORK hugmyndafræðin gæti einnig orðið mikilvægur áfangi fyrir aðila einkageirans til að þróa ný viðskiptalíkön byggð á þessari öruggu sannvottun borgara þvert á landamæri.“



# FRÉTTATILKYNNING

## Starfandi tilraunaverkefni STORK

**Sannvottun þvert á landamæri fyrir rafræna þjónustu:** Viðfangsefni tilraunaverkefnisins er að gera borgara í einu aðildarríki mögulegt að tengjast beintengdri opinberri þjónustu í öðru aðildarríki. Borgarar munu nota sín eigin rafræn auðkenningarskilríki sem gefin eru út í þeirra landi til að fá aðgang að þessari þjónustu.

**Öruggara spjall (*SaferChat*):** Með áherslu á úrbætur í öryggi barna og unglunga á Netinu munu kennarar í mismunandi löndum búa til verkefni og nota öruggari spjallsvæði fyrir nemendur sína á tilteknu aldursbili, í þeim tilgangi að útfæra rafrænt nám þvert yfir landamæri. Nemendur verða hvattir til að vinna með jafnöldrum sínum í öðrum löndum og búa til kennsluefni fyrir jafningjafræðslu með áherslu á aukna vitund um öryggi á Netinu.

**Stúdentaskipti (*Student Mobility*):** Þetta tilraunaverkefni gerir stúdentum mögulegt að fá aðgang að stjórnsýslulegri þjónustu sem háskólarnir bjóða á Netinu með því að nota sín eigin landsbundnu rafrænu vottorð (kennivottorð á korti, rafræn skilríki) fyrir skráningu (sérstaklega í Erasmus áætlunina), sannvottun og til að fá afnot af annarri viðeigandi námsþjónustu. Að auki þjónar tilraunaverkefnið þeim tilgangi að vera nauðsynlegur frumáfangi fyrir greiningu á gagnamiðlun í framtíðinni milli háskóla í mismunandi löndum innan evrópska viðurkenningarkerfisins fyrir námseiningar.

**Rafræn afgreiðsla yfir landamæri (*Cross Border eDelivery*):** Markmið þessa tilraunaverkefnis er að gera innlendar rafrænar afgreiðslugáttir aðgengilegar fyrir borgara annarra landa með þeirra eigin landsbundnu rafrænu auðkennum. Það sem meira er, þetta tilraunaverkefni miðar að því að búa til grunnramma sem gerir opinberri stjórnsýslu mögulegt að senda skjöl til borgara annarra landa beint í gegnum rafræna afgreiðslugátt í þeirra landi.



# FRÉTTATILKYNNING

**Breyting á heimilisfangi (*Change of Address*):** Þetta tilraunaverkefni miðar að því að þróa ramma fyrir samvirkandi þjónustu fyrir breytingu á heimilisfangi sem heimilar erlendum borgurum (með þeirra eigin rafrænu vottorðum) að tilkynna öllum hlutaðeigandi aðilum sem koma að breytingu á heimilisfangi, án þess að breyta núverandi ferlum í hverju aðildarríki. Þetta næst með því að nota verkvang fyrir samvirkni sem skilgreindur er í STORK til að bera kennsl á og sannvotta rafrænu auðkenni borgarans og með því að skilgreina tvö tilvik fyrir þjónustuna (sækja gögn og uppfæra heimilisfang).

**Aðgangþjónusta framkvæmdastjórnar (*Commission Services*):** Sannvottunarþjónusta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ECAS) styður skráningu inn í fjölda hugbúnaðarkerfa framkvæmdastjórnarinnar. Með því að aðlaga ECAS að STORK umgjörðinni þá eru landsbundin rafræn auðkenni algjörlega samþætt. Eftir að hafa nýlega lokið tæknilegri samþættingu þá verður jafnt og þétt bætt við kerfið með núverandi þjónustu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

## Um STORK ([www.eid-stork.eu](http://www.eid-stork.eu))

STORK er verkefni í Upplýsingatækniáætlun Evrópusambandsins undir Samkeppnis- og nýsköpunaráætluninni (CIP). 17 aðildarríki taka þátt í STORK: Austurríki, Belgía, Bretland, Eistland, Finnland, Frakkland, Holland, Ítalía, Litháen, Lúxemborg, Portúgal, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Þýskaland og Ísland (sem aðili að EES). Samkeppnis- og nýsköpunaráætluninni Evrópusambandsins (CIP) miðar að því að efla samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja. Hluti CIP, Upplýsingatækniáætlunin, beinist að örvun á nýsköpun og samkeppnishæfni í gegnum viðtækari upptöku og ákjósanlega notkun borgara, fyrirtækja og stjórnvalda á upplýsinga- og fjarskiptatækni. Tímasetningin og markmið STORK henta mjög vel til að hafa mikil áhrif og leggja af mörkum í átt að þeim markmiðum sem sett voru fram í ráðherraýfirlýsingunni í Lissabon (2007), það er að segja samvirkni milli aðildarríkja og minni stjórnsýslulegri byrði. Í aðgerðaráætluninni i2010 fyrir rafræna stjórnsýslu viðurkenndu aðildarríkin mikilvægi stjórnunar á rafrænni auðkenningu. Þau miða að því að koma á öruggum og þægilegum rafrænum kerfum fyrir Evrópubúa og fyrirtæki til að hafa aðgang að opinberri þjónustu í hvaða aðildarríki sem er. Kerfin ættu að virka jafnt í héraði sem og á landsvísu og vera í samræmi við lög og reglur um persónuvernd.

## Nánari upplýsingar:

<http://www.eid-stork.eu/>

## Tengiliður ritstjórna:

STORK Press Office  
[press@eid-stork.eu](mailto:press@eid-stork.eu)